

Samfélagsfræði 2017-2018

4. bekkur

Kennari: Ingibjörg Heiðarsdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í samfélagsfræði sett fram í þremur flokkum: reynsluheimur, hugarheimur og félagsheimur. Samfélagsfræði fjallar um samfélög og menningu á lýsandi og gagnrýninn hátt og á samfélagsfræðin sér grundvöll í þeirri skyldu samfélagsins að fræða nemendur um gildi eins og lýðræði, jafnrétti, virðingu og umhyggju og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Á bls. 194 – 205, í 24. kafla aðalnámskrár grunnskóla sem fjallar um samfélagsfræði má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Sjá:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir

Nemendur fá tvo samfélagsfræði tíma á viku. Nemendur vinna með mismunandi verkefni sem draga fram sterka þætti einstaklingsins. Nemendur kynnast ólíkum vinnubrögðum sem tengjast samfélaginu sem gerir þá að sterkari einstaklingum.

Nemendur vinni í þörum eða litlum hópum að ýmsum verkefnum. Þá læra nemendur að leita sér sjálfstætt að upplýsingum, til að mynda á netinu og á bókasafninu. Nemendur þjálfast í að koma fram og kynna verkefni sín.

Námsgögn

Komdu og skoðaðu tæknina og sögu mannkyns. Ýmis verkefni frá kennara. Tölvur og I-pad.

Námsmat

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn á að sinna sjálfur heima. Á annarskilum er þekking og leikni nemenda metin með prófum eða með mati á þeim verkefnum sem þeir hafa unnið.